

Ed.

591. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá Jóni Jónssyni.

1. Við 8. gr. Síðustu málsg. greinarinnar skal orða svo:

Leita skal álots aðaldómara fimmtardóms, er veita skal aðaldómara-embætti, og taka veitinguna til meðferðar á ráðherra-fundi, og gerir síðan forseti ráðuneytisins tillögu um hana til konungs.

Þegar veita skal aðaldómara lausn frá embætti, skal forseti ráðuneytisins, eftir að málið hefir verið til meðferðar á ráðherra-fundi, einnig gera tillögu um lausnarveitinguna til konungs.

2. Við 69. gr. Fyrsta málsg. greinarinnar orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.